

97 meira en 108 potta, sbr. 2. grein laga 4. nóvbr. 1881, er það vitaskuld, að gjaldið
9. maí. verður þeim mun meira af hverri tunnu, sem hún er stærri, en gjört er ráð fyrir í tjeð-
um lögum.

3. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að þeim hreppstjórum eða öðrum mönnum, sem settir eru af amtmanni lögreglustjórum til aðstoðar við skipa-afgreiðslu og tollheimtu, verði falið á hendur einnig að heimta innflutningsgjald á kostnað lögreglustjóra og ábyrgð hans.

Úr þeirri spurningu, hvort lögin nái til utanríkisskipa, er á íslenskum höfnum taka við afla utanríkisskipa og flytja hann út, geymi jeg mjer rjett til síðar að leysa, ef til vill eptir að hafa leitað álits ráðgjafans.

98 — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um lán til að kaupa
9. maí. ullarvinnuvjelar. — Til svars brjefi yðar, herra sýslumaður, frá 15. f. m. um að sýslu-
nefnd Suður-Þingeyjarsýslu verði veitt 1800 kr. lán úr viðlagasjóði til að innleiða hinar
einföldustu og nauðsynlegustu vjelar til umbóta á ullarvinnu, skal jeg tjá yður, að
nefnt lán mun verða veitt sýslunefndinni, móti því að hún greiði í vexti og endurborgun 6%
eður alls 108 kr. árlega í 28 ár af hinni upprunalegu upphæð lánsins, og með því skil-
yrði, að amtsráð norður- og austurumdæmisins veiti samþykki sitt til lántökunnar sam-
kvæmt sveitastjórnar-tilskipuninni 4. maí 1872 § 43 sbr. § 26.

99 — Brjef landshöfðingja til biskups um prestsþjónustu í norðurhluta Dalaprófasts-
11. maí. dæmis. — Með brjefi frá í gær senduð þjer mjer, herra biskup, erindi prófastsins í Dala-
prófastsdæmi og fylgdu því 2 bænarskrár frá sóknarmönnum Saurbæjarþinga um, að
prestakalli þessu verði til bráðabirgða þjónað af prestinum í Garpsdal, brjef frá tjeðum
presti um, að hann sje fús á að taka að sjer prestsþjónustu í Saurbæjar prestakalli
meðan það er laust, og loks brjef frá prestinum í Skarðsþingum. Skjöl þessi bera með
sjer, að jafnvel þó bæði Hvammsprestakall og Saurbæjarprestaköll nú sjeu laus, er sem
stendur, meðan að uppgjafaprestar eru bæði í Hvammsprestakalli og í Skarðsþingum, ó-
mögulegt að koma á breytingu þeirri með tilliti til prestakallanna í Dalaprófastsdæmi
sem fyrirskipuð er í 1. gr. 71, 72 og 73 laga um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880;
hafið þjer, herra biskup, þar að auki drepíð á, að álíta megi ómögulegt, að haganlegri
skipun hinna umræddu prestakalla en sú, sem beðið hefir verið um, geti öðlast sam-
þykki löggjafarvaldsins, enda sje ýmsum sóknarmönnum í tjeðum prestaköllum þetta
all-mikið áhugamál. Þjer hafið því leitað samþykkis míns til

1, að presturinn í Garpsdal verði settur til fyrst um sinn frá næstu fardögum að
þjóna Saurbæjarþingum ásamt sínu eigin brauði,

2, að presturinn í Skarðsþingum verði á sama hátt settur til að þjóna Stadarfells-
sókni frá næstu fardögum, og

3, að presturinn í Hjarðarholti verði settur til að þjóna Hvammssókn og hinni fyr-
verandi Ásgarðssókni.

Þessar tillögur skulu hjer með samþykktar, þó þannig að, meðan að uppgjafa-
presturinn í Skarðsþingum nýtur eptirlauna af brauðinu, skulu eptirlaun uppgjafaprests-
ins í Hvammsprestakalli eingöngu greiðast af Hvammi og Ásgarðssóknum, meðan þeim
er þjónað af sóknarprestinum í Hjarðarholti. Fyrst þá er eptirlaunum uppgjafaprestsins